



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Mýrargata - bifreiðastæði fyrir hóp bifreiðir

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að útbúið verði bifreiðastæði í Mýrargötu vestan gatnamóta við Hlésgötu fyrir hóp bifreiðir.

Bifreiðastæðið verði merkt með viðeigandi umferðarmerki og yfirborðsmerkingu í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Á síðustu árum hefur verið unnið að uppbyggingu hótela í Reykjavíkurborg. Ein nýjasta viðbótin er Grandi by Center Hotels á Seljavegi 2. Í grenndinni, við Mýrargötu 2-8, er Icelandair hótel Reykjavík Marina sem hefur verið starfrækt í nokkur ár. Aðkoma hópbifreiða að hótelnunum er ekki góð í dag og hafa t.a.m. hópbifreiðar ekið þröngar götur Seljavegar og við Marina hefur hópbifreiðum m.a. verið ekið á göngustíg við hótelið. Tillaga þessi að stæði fyrir hóp bifreiðar í Mýrargötu er ætlað til þjónustu beggja hótela og þar með lágmarka líkur á akstri stærri ökutækja á svæðum þar sem það er óæskilegt eða jafnvel ólöglegt. Lausnin er hugsuð sem tímabundin, en mikil uppbygging er fyrirhuguð í grenndinni og verður framtíðarlausn hönnuð samhliða frágangi á borgarlandi í tengslum við þá uppbyggingu.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
starfandi deildarstjóri samgangna

Hjálagt:

1. Tillaga að útfærslu rútustæðis á Mýrargötu vestan gatnamóta við Hlésgötu.



SKÝRINGAR Núverandi staðsetning strætóskýlis, óhreyft Verkmörk				SAMPYKKT: A 2022-06-28 VERKTEIKNINGBrAB BrAB ÚTG. DAGSSKÝRINGARTEIK. HANN RÝNT SAMP				VERKÍS www.verkis.is - sími: 422 8000 VERKFANG05110 TEIKNING091.C70.E101 A				Reykjavíkurborg Umhverfis- og skipulagssvið Borgartún 12-14105 ReykjavíkSími: 411 1111 REYKJAVÍKURBORG SAFNSTÆÐI Í REYKJAVÍK Tímabundið safnstæði í Mýrargötu Mkv: 1:300 Stærð: A3 Teikn. nr.: Útg.: Dags: 2022-06-28 E101A			
V:\05\05110\teikn\+C\V091\Lay_E101.dwg				Frumstærð blaðs A3											